

SAMBO ÍSLAND Íþróttafélag

Ársskýrsla 2018



Stofnfundur Sambo Ísland var haldinn í febrúar 2018.

Formaður félagsins er Aleksandr Stoljarov og varaformaður er Helga Ingólfssdóttir.

Félagið er íþróttafélag og lýtur þeim reglum sem gilda um almenn félög og sjálfseignarstofnanir.

Tilgangur félagsins er að bjóða uppá þjálfun og keppni í Sambo sem er alþjóðleg sjálfsvarnar og bardagaíþrótt.

Um Sambo:

SAMBO (skammstöfun fyrir SAMOzaschita Bez Orujiya, sem þýðir sjálfsvörn án vopna) er alhliða bardagaíþrótt og bardagalist sem sameinar árangursríkustu aðferðir og fjölbreytileika bardaga og bardagalista sem stunduð eru um allan heim.

SAMBO felur í sér margs konar aðferðir eins og t.d. högg, læsingar, spörk. Aðferðir sem eru kenndar í SAMBO sjálfsvarnartækni gera iðkendum kleift að verja sig gegn flestum tegundum líkamsárása.

SAMBO kerfið er í stöðugri þróun og SAMBO sérfræðingar eru stöðugt að búa til ný tækifæri og nýjar aðferðir til að bæta þessa bardagalist.

Stofndagur SAMBO er talin vera 16. nóvember 1938. F.I.A.S. er skammstöfun Alþjóðasambands Sambo sem stofnað var þann 13. Júní 1984 og hefur aðsetur í Sviss.

Samþykkt hefur verið að Sambo verði keppnisgrein á næstu Olympíu leikum.

Starfsemi 2018

Haldnir voru tveir opnir kynningarfundir í íþróttahúsi Setbergsskóla í maí 2018.

Fulltrúar Sambo á Íslandi sóttu þing evrópudeildar Sambo Internatíonal og lögðu inn aðildarumsókn fyrir Ísland sem hefur verið samþykkt.

Sambo Ísland – kennitala 650118-0300 – Brekkugata 26 – 220 Hafnarfjörður –
samboiceland@mail.com

SAMBO ÍSLAND Íþróttafélag

Formaður félagsins, Aleksandr Stoljarov sótti þjálfaranámskeið á Kýpur í september og lauk því með prófi sem veitir honum réttindi sem alþjóðlegur þjálfari.



Hafnarfjörður:

Sambo Ísland var með kynningar námskeið í íþróttahúsi Víðistaðaskóla fyrir nemendur skólans í samstarfi við frístundaheimilið. Æfingar voru á haustönn; fimmtudögum og föstudögum milli kl. 16-17. Þar sem um kynningarnámskeið var að ræða var fjöldi iðkenda breytileg en þáttaka var nokkuð góð en aðstaðan býður ekki uppá stóra hópa. Áfram verður unnið að því að þróa samstarf við frístundaheimili grunnskóla og í undirbúningi er að taka upp samstarf við fleiri skóla.

Einnig var boðið uppá æfingar fyrir eldri hópa kl. 20 á föstudögum í tengslum við félagsmiðstöð á unglingsviði og þáttaka var einnig góð í þessu verkefni og sjálfsvarnarnámskeið fyrir 16-20 ára sem var vel sótt.



Reykjanesbær:

Sambo Ísland var með þjálfun í Sambo í Reykjanesbæ. Stofnun hefur verið deild í Sambo innan Júðódeildar UMFN Sleipnis sem hefur æfingaaðstöðu á Smiðjvöllum 5 í Reykjanesbæ.

Æfingar 2018 voru tvisvar í viku, þriðjudaga og fimmtudaga og annan hvern mánudag. Iðkendur voru um 50 og þeir yngstu voru átta ára. Vinna við að undirbúa iðkendur fyrir þáttöku í mótum er hafin.

SAMBO ÍSLAND Íþróttafélag



Fyrsta starfsár Sambo á Íslandi gekk vel þrátt fyrir skort á aðstöðu sem er mjög hamlandi fyrir félagið.

Sambo er íþróttagrein sem hefur góða möguleika á að verða mjög vinsæl á Íslandi. Bæði strákar og stelpur geta stundað þessa íþrótt og einnig fatlaðir og fólk á öllum aldri. Keppt er í greininni í mörgum flokkum á alþjóðlegum mótum. Evrópudeild Sambo hefur samþykkt aðild Íslands að samtökunum sem er mikill styrkur þar sem það gefur fullt aðgengi að aðstoð við uppbyggingu íþróttarinnar á Íslandi.